

72. fundur

Fræðslunefnd Stykkishólms hélt fund miðvikudaginn 18. janúar 2006 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru úr Fræðslunefnd Björn Sverrisson, formaður, Katrín Pálsdóttir, Katrín Gísladóttir, Ingveldur Eypórsdóttir og Kristín Víðisdóttir. Auk þeirra Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri og Sigrún Þórsteinsdóttir, leikskólastjóri, Bylgja Mist Gunnarsdóttir, fulltrúi foreldraráðs grunnskóla, Einar Gunnarsson, fulltrúi kennara og Sólbjört S. Gestsdóttir fulltrúi starfsfólks í leikskóla.

Formaður setti fund, bauð nýja fulltrúa velkomna og gengið var til dagskrár.

1. Skýrslur skólastjóra.

1.1. Sigrún flutti skýrslu um starfið í leikskólanum.

Nú standa yfir skiptinemaheimsóknir milli grunnskóla og leikskóla. Farið er einu sinni fyrir áramót og einu sinni eftir.

Framundan eru foreldraviðtöl, reiknað er með að hver deild noti viku í viðtölin. Hverju barni eru úthlutaðar 20 mínútur.

Haldið verður upp á öskudag með hefðbundnum hætti 1. mars nk.

Þorablóti leikskólans er lokið og tókst vel og eru börnin dugleg að smakka þorramatinn.

Leikskólinn fékk gefins myndavél frá foreldrafélaginu og eru því til þrjár myndavélar í leikskólanum, ein fyrir hverja deild. Leikskólinn á orðið mikið magn mynda, bæði frá gamalli tíð og eins nýjar.

Nú þegar eru komin 16 börn á biðlista fyrir vorið, reiknað er með að farið verði að færa á milli deilda í vor og er það í skoðun hvernig það verður útfært.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Rætt var um skiptinemaheimsóknir og foreldraviðtöl. Einnig fjölda barna sem þurfa stuðning, en þau eru fleiri en áður.

1.2. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum.

Gunnar bauð nýjan fulltrúa foreldraráðs velkomna.

Miðannarpróf verða 13., 14. og 15. febrúar nk. Starfsdagur verður 20. febrúar og foreldrafundir 21.-24. febrúar.

Þóra Margrét Birgisdóttir forvarnarfulltrúi hjá Félags- og skólaþjónustunni er byrjuð að starfa með stúlkum í 8., 9. og 10. bekk. Verið er að vinna að undirbúningi svipaðs starfs fyrir stráka.

Lögregluheimsókn er framundan en Gísli Guðmundsson varðstjóri mun koma og vinna með 1.-5. bekk miðvikudaginn 8. febrúar og 6.-10. bekk föstudaginn 10. febrúar.

Numicon námskeið verður haldið í GSS mánudaginn 13. febrúar.

Vinnuverndaráttak í grunnskólum 2006 er framundan með rannsóknum og fleiru sem því tilheyrir.

Formaður gaf orðið laust um skýrslu skólastjóra.

Formaður ræddi Numicon námskeiðið og lýsti ánægju sinni með það.

Rætt var um stúlknafræðslu forvarnarfullrúa FSS. Einnig rætt um Numicon námsefnið, sem er miðað við þarfir barna með stærðfræðiörðugleika, dyslexiu, Downs heilkenni og aðra fötlun.

Formaður ræddi verkefni kennara sem finna má m.a. á heimasíðu skólans og lýsti ánægju með það góða starf sem kennarar eru að sinna og benti fundarmönnum á að skoða efnið.

Fyrirspurn kom fram um námsversvinnuna, hvernig sú vinna er að koma út. Skólastjóri svaraði því til að þetta gangi mjög vel í gamla skólanum og að farið verði yfir skipulagið í nýja skólanum fyrir næsta skólaár.

Fyrirspurn kom fram um mötuneytið, hve stór hluti sé að nýta sér það. Skólastjóri svaraði því til að um 120 nemendur séu í mötuneytinu og um 12-14 starfsmenn. Formaður vitnaði í blaðagrein í Morgunblaðinu 2. febrúar um mötuneyti almennt.

Formaður nefndi einnig að Menntamálaráðuneyti hefur skipað nefnd til að endurskoða lög um grunnskóla.

Formaður ræddi einnig Pisa rannsóknina, þar sem m.a. er könnuð lestrarkunnátta unglinga.

Almennar umræður urðu um skólamál af ýmsum toga, tengingu skólastiganna, gjaldfrjálsan leikskóla fyrir 5 ára börn o.fl.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18.30.

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari (sign.).